Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **3M Woodgrain Lím og fólíuhreinsir, 510g**

Vörunúmer: **PN08907**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Límleysir í úðabrúsa.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

3M
3M Center, St.Paul MN
55144-1000, BNA
00-1-888-364-3577
-
www.3M.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Úðabr.1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Úðabr.1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðnæm.1
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnskað.1
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
P251	Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P261	Gætið þess að anda ekki inn lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P270	Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.
P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.

P280	Notið augnhlífar/andlitshlífar.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P307+P311	EF um váhrif er að ræða: Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið læknis.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
P405	Geymist á læstum stað.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Við notkun getur súrefnishlutfall í andrúmslofti minnkað og valdið köfnunaráhrifum. innöndun af ásetningi getur reynst skaðleg eða banvæn. Varan getur valdið skaða á hjarta- og æðakerfi, taugakerfi, nýrum og þvagfærum og öndunarfærum. Váhrif geta aukið hættu á hjartaáfalli. Gefið ekki adrenvirk (sympathomimetic) lyf nema brýna nauðsyn beri til. Inniheldur etýlen glýkól. Sé talin hætta á eitrun af þess völdum, skal gefa fomepizol í æð, eða etanól, sé hið fyrrnefnda ekki fáanlegt.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Ísóprópanól			
Skráningarnúmer ECHA		**Innihald %**	**30 - 60**
Raðnúmer	603-117-00-0	**Varnaðarmerki:**	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-661-7	**H-setningar**	H11, H36, H67
CAS	67-63-0	**Flokkun, hættumerking**	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Augnert. 2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H336**			

Nafta (úr jarðolíu), þungt, vetnismeðhöndlað			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**15 - 40**
Raðnúmer	649-327-00-6	**Varnaðarmerki:**	Xn
EINECS, ELINECS	265-150-3	**H-setningar**	H10, H65, H66, H67
CAS	64742-48-9	**Flokkun, hættumerking**	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, Húðert.2 - **H315**, SEM-VES 3 - **H336**			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	**Innihald %**	**7 - 13**
Raðnúmer	601-003-00-5	**Varnaðarmerki:**	F+
EINECS, ELINECS	200-827-9	**H-setningar**	H12
CAS	74-98-6	**Flokkun, hættumerking**	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loftt. - **H220**, Loftt.u.þrýst. - **H280**			

Kísildíoxíð, tilbúið ókristallað			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**5 - 10**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	112945-52-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

Etýlenglýkól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119456816-28	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xn
EINECS, ELINECS	203-473-3	**H-setningar**	H22
CAS	107-21-1	**Flokkun, hættumerking**	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - **H302**, SEM-EV 2 - **H373**			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Leitið læknis.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis hverfi einkenni ekki fljótt.

Snerting við augu Skolið með miklu vatni í amk 15 mín. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis og haldið áfram skolun.

Inntaka Skolið munn strax. Leitið læknis við vanlíðan.
Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Þessi vara inniheldur etýlenglýkól. Sé etýlenglýkól eitrun staðfest, skal íhuga fomepizólgjöf í æð, eða etanól, sé hið fyrrnefnda ófáanlegt. Aðrar lyfjafræðilegar og stoðaðgerðir séu skv. mati læknis. Váhrif geta aukið hættu á hjartaáfalli. Gefið ekki adrenvirk (sympathomimetic) lyf nema brýna nauðsyn beri til.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Notið slökkviefni sem hentar aðstæðum á hverjum stað.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Lokaðar umbúðir geta sprungið við uphitun. Eldfimur vökvi og gufa.
Við bruna geta myndast eitraðar gufur, kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Vatn kann að reynast óheppilegt slökkviefni, kælið þó umbúðir með vatnsúða.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.
Reykið ekki. Notið persónuhlífar. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa, t.d. vélar og tæki.
Notið neistavarin áhöld. Notið öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Notið neistavarin áhöld.
Þekja má mengað svæði með slökkvifroðu. Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand og jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Ílát ættu að vera úr málmi.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Gerið ráðstafanir gegn myndun stöðurafmagns. Notið neista-varinn fatnað og skó. Ekki má gata eða brenna hylki, jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Gufa getur verið sprengifim. Gufa er þyngri en loft og getur safnast fyrir með gólfi og í lágt liggjandi rými., eða borist að eld- og neistgjöfum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Athugið reglur um úðabrúsa. Geymið fjarri beinu sólarljósi, og hitastigi yfir 50°C. Geymið fjarri oxurum, t.d. klóri og krómsýru, og sýrum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Etýlenglýkól (úði)		100			ACGIH
Nafta (úr jarðolíu), þungt, vetnismeðhöndlað	100				Takmörkun ákvörðuð af framleiðanda
Kísildíoxíð, tilbúið ókristallað		0,8			OSHA
Própan	1000	1800			OSHA
Ísóprópanól	200		400		OSHA

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr neopren. (EN 374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með viðeigandi síu fyrir lífrænar gufur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi/gufa (aerosol-úðabrúsi)
Lykt: Leysiefnalykt
Litur: Litlaus
Blossamark: -46°C
Lægri sprengimörk í lofti: 2,5%
Hærri sprengimörk í lofti: -

Uppgufunarhraði (eter=1): 7,7
Eðlismassi gufu (loft=1): 2,05
Eðlismassi við 20°C: 0,775 g/cm^3
Vatnsleysni: Óleysanlegt
Rokgjörn efnasambönd: 93% (717 g/l)

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Hættuleg fjölliðun á sér ekki stað.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Lokaðar umbúðir geta sprungið við uphitun. Eldfimur vökvi og gufa.
Við bruna geta myndast eitraðar gufur, kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

3M Woodgrain Lím og fólíuhreinsir, 510g					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>5000	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>5000	mg/kg		reiknuð stærð

Ísóprópanól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	72,6	mg/l/4 klst	rotta	
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	4710	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	12800	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting	Neikvætt			kanína	
Alvarlegur augnskaði	Mjög ertandi			kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri	Veldur ekki næmingu			Mús	OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt		ýmsar teg.	
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	400	mg/kg/d	rotta	
Sértæk eiturhrif á markliffæri eitt skipti		Veldur sljóleika og svima, erting öndunarfæra			
Sértæk eiturhrif á markliffæri endurtekin	LOAEL	400	mg/kg/d	rotta	Áhrif á hjarta, þvagfæri, og taugakerfi
Helstu einkenni	Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, ógleði, uppköst, höfuðverkur, vímuáhrif, sljóleiki.				

Nafta (úr jarðolíu), þungt, vetnismeðhöndlað					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	mús	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>3000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	20-50	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Skortir gögn		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Vísbendingar		fólk (ísog/innönd.)	
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	2,4	mg/l	rotta	
Ásvelgingarhætta		Já			
Sértæk eiturhrif á markliffæri eitt skipti		Veldur sljóleika og svima, erting öndunarfæra			
Sértæk eiturhrif á markliffæri endurtekin	LOAEL	4,6	mg/l	rotta	Einnig áhrif á hjarta, þvagfæri, öndunarfæri, bein og tennur

Própan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>200000	ppm/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri eitt skipti		Veldur sljóleika og svima, skaði á hjarta			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri endurtekin	NOAEL	4500	20000 ppm/30 v	rotta	lifur

Kísildíoxíð, tilbúið ókristallað					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5110	ppm/4 klst	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>5000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>0,691	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Lítil erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		fólk og dýr	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Vísbendingar		mús	
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	500	mg/l	rotta	
Sértæk eiturhrif á marklíffæri endurtekin		Neikvætt			

Etýlenglýkól					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	1600	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	9530	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	5-12,5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði	hjarta,	Nokkur erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Skortir gögn		fólk	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt		ýmsar teg.	
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	1000	mg/l	ýmsar teg.	
Sértæk eiturhrif á marklíffæri eitt skipti		Getur skaðað hjarta og æðakerfi, lifur, og miðtaugakerfi		inntaka	
Sértæk eiturhrif á marklíffæri endurtekin	NOAEL	200	mg/kg	rotta, inntaka (þvagfæri)	Einnig áhrif á hjarta, húð, öndunarfæri, bein og tennur

Innöndun Veldur ertingu í öndunarvegi. Einkenni geta verið: Hósti, hnerrar, nefrennsli, höfuðverkur, hæsi, verkir í nefi og koki. Innöndun af ásetningi getur reynst skaðleg eða banvæn.

Húð Veldur ertingu. Einkenni geta verið: Roði, sársauki, bólgur, blöðrumyndun og þurrkur.

Augu Veldur alvarlegri ertingu. Einkenni geta verið: Roði, bólgumyndun, kláði og þurrkur. Veldur einnig skýmyndun á hornhimnu og hugsanlega varanlegum augnskaða.

Inntaka Veldur ertingu í meltingarvegi. Einkenni geta verið: Verkir í kviðarholi, magakveisa, ógleði, uppköst, og niðurgangur. Blóð í hægðum og við uppköst. Sjá að neðan fleiri eiturhrif.

Áhrif á marklíffæri **Bæling miðtaugakerfis:** Einkenni geta verið: Höfuðverkur, svimi, sljóleiki, skortur á samhæfingu, ógleði, hægari viðbrögð, drafandi tal, og meðvitundarleysi.
Önnur áhrif á taugakerfi: Persónuleikabreytingar, skortur á samhæfingu, minnkuð tilfinning í tám og fingrum, þróttleysi, skjálfti, breytingar á blóðþrýstingi og hjartslætti.
Hjarta- og æðakerfi: Óreglulegur hjartsláttur, þróttleysi, brjóstverkir, hjartsláttartruflanir, skemmdir á hjartavöðva, og jafnvel reynst banvænt.
Öndunarfæri: Hósti, andnauð, brjóstverkir, öndunarerfiðleikar, hjartsláttur, blá slikja á húð, aukin munnvatnsframleiðsla, breytingar á virkni lungna og fleiri öndunarfærabreytingar.
Þvagfæri: Breytingar á þvagmyndun, kviðverkir, aukið prótein og blóð í þvagi, verkir við þvaglát.

Váhrif í eitt skipti geta lýst sér í hjartsláttartruflunum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Visteiturhrif vörunnar hafa ekki verið ákvörðuð.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
15 01 04 (málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-
Hættuundirflokkur:	5F
Mengunarhætta:	Nei

IMDG:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
EmS:	F-D, S-U
Pökkunarflokkur:	-
Mengunarhætta:	Nei

IATA:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, gæti sprungið við upphitun
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 06.02.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***3M***
	MATERIAL SAFETY DATA SHEET
	3M WOODGRAIN AND STRIPE REMOVER, PN08908
Endurskoðað:	*17.08.2015*
Kemur í stað útgáfu:	*04.12.2013*